



REYKJANESBÆR

• byggingarfulltrúi •

## Vinnureglur Reykjanesbæjar um úthlutun á byggingarrétti fyrir íbúðarhúsnæði.

1. Umhverfis- og skipulagsráð undirbýr og gerir tillögur til bæjarstjórnar um úthlutun lóða.
2. Allar lóðir sem skipulagðar eru skulu auglýstar áður en þeim er úthlutað í fyrsta sinn. Umsóknarfrestur skal ekki vera skemmri en 10 dagar.
3. Byggingarrétti er úthlutað á nafn/nöfn umsækjenda og óheimilt er að framselja byggingarrétt áður en hús er fokhelt nema fyrir liggi samþykki byggingarfulltrúa. Íslenskir ríkisborgarar svo og aðrir þeir sem uppfylla skilyrði laga nr. 19/1966 um eignarétt og afnotarétt fasteigna með síðari breytingum koma einir til greina við úthlutun lóða. Ríkisborgarar EES landa eiga rétt á að sækja um lóð með sama hætti og Íslendingar.
4. Ekki skal mismuna umsækjendum eftir búsetu.
5. Sé sótt um byggingarrétt í nafni lögaðila er umsóknin metin með tilliti til upplýsinga um fjárhagsstöðu umsækjanda og fyrri byggingarverkefni. Lögaðilar skulu leggja fram endurskoðaðan ársreikning síðasta árs.
6. Einstaklingar, sem sækja um byggingarrétt, skulu leggja fram skriflega staðfestingu frá banka eða lánastofnun um greiðsluhæfi og mögulega lánafyrirgreiðslu umsækjanda vegna fyrirhugaðrar húsbýggingar. Í auglýsingum um úthlutun á byggingarrétti skal tilgreina lágmarksviðmið eins og það er á hverjum tíma skv. ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs.
7. Samkvæmt ákvæðum lóðarleigusamninga í Reykjanesbæ er lóðarhöfum skylt að hlíta þeim tímamörkum að hús skuli fullgert að utan, lóð grófjöfnuð í rétta hæð, rykbundin og gróðri komið fyrir, svo og gengið frá mörkum við aðar lóðir, götur og/opin svæði, innan 3ja ára frá því að lóð var byggingarhæf. Við mat á umsóknum skal taka mið af því hvort ætla megi að aðilar geti lokið framkvæmdum á tilsettum tíma.
8. Umsækjandi og maki/sambúðaraðili hans skal/skulu vera í skilum við bæjarsjóð Reykjanesbæjar.
9. Hafi umsækjandi eða maki/sambúðaraðili hans, áður fengið úthlutað byggingarlóð í bænum er heimilt að taka mið af reynslu bæjarfélagsins af umsækjanda eða maka/sambúðaraðila hans, sem lóðarhafa.
10. Sé umsókn um byggingarrétt ranglega útfyllt eða innihaldi ófullnægjandi upplýsingar, getur það orðið til þess að hún verði ekki tekin til greina. Komi í ljós eftir að

byggingarrétti hefur verið úthlutað til þess sem gefið hefur upp rangar upplýsingar í umsókn er heimilt að afturkalla úthlutun á byggingarréttinum.

11. Farið skal með upplýsingar sem fram koma í umsóknum sem trúnaðarmál.
12. Heimilt er að taka tillit til sérstakara aðstæðna umsækjanda, svo sem fjölskyldustærðar, núverandi húsnæðisaðstöðu, hvort viðkomandi hafi áður sótt um lóð í bæjarfélaginu og ekki fengið eða annarra fjölskyldaáðstæðna er máli kunna að skipta.
13. Við afgreiðslu umsókna skal gæta jafnræðis og að öðru leyti ákvæða 11. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.
14. Ef tveir aðilar eða fleiri sem sækja um sömu lóð eru að loknu mati á umsóknum jafnir og uppfylla allir skilyrði fyrir úthlutun á byggingarétti, skal dregið um það hverjum verður gefinn kostur á lóðinni.
15. Að lokinni úthlutun skal öllum umsækjendum svarað.
16. Komi til þess að engin umsókn berist um auglýsta lóð, auglýstri lóð verði ekki úthlutað eða lóðin falli til bæjarins aftur þá ber að skrá slíka lóð fljótlega aftur lausa til umsóknar.
17. Reglur þessar ásamt viðmiðunarmörkum skv. 6. gr. og skrá um lausar lóðir skulu aðgengilegar á vefsíðu Reykjanesbæjar.

*Samþykkt af umhverfis- og skipulagsráði 14. júlí 2003.  
Staðfest af bæjarráði 17. júlí 2003.*

Viðmiðunarmörk skv. 6. gr.

- |                   |                            |
|-------------------|----------------------------|
| 1. Einbýlishús    | kr. 15.000.000 -           |
| 2. Rað- og parhús | kr. 10.000.000 - hver íbúð |
| 3. Fjölbýlishús   | kr. 7.000.000 - hver íbúð  |